



## Viðtalstímar sveitarstjóra og oddvita

Sveitarstjóri og oddviti verða með viðtalstíma þar sem íbúum gefst kostur á að koma og ræða málefni sem snerta sveitarfélagið.

Viðtalstímar verða fjórir fyrir áramót á eftirfarandi stöðum:

**Fimmtudaginn 13. okt. í Stórutjarnaskóla frá kl. 20:00-22:00**

**Fimmtudaginn 20. okt. í Þingeyjarskóla frá kl. 20:00-22:00**

**Fimmtudaginn 3. nóv. í Kiðagili frá kl. 20:00-22:00**

**Fimmtudaginn 10. nóv. í Kjarna á Laugum frá kl. 20:00-22:00**

Íbúar eru hvattir til að nýta sér þessa viðtalstíma.

Sveitarstjóri



## Messa í Þorgeirskirkju 9. október

Sunnudaginn 9. október verður messað í Þorgeirskirkju kl. 14.00. Messan er sameiginleg með Háls, Ljósavatns og Lundarbrekkusóknum. Fermingarbörn eru hvött til að sækja messu með fjölskyldum sínum. Kirkjukórar syngja saman undir stjórn Valmars Valjaots. Gengið verður að borði Drottins. Verið velkomin til kirkjunnar og endilega takið með ykkur góða vini og vandamenn!

## Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

**fyrir kl. 15:00. 😊**

Verð hálsíðu er  
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

*[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386*



## Leikfimi fyrir alla, konur og karla

á miðvikudögum kl. 17:00 – 18:00  
í Stórutjarnaskóla.  
Tímabil: 12. október - 7. desember  
Verð: 7000 kr.  
Þjálfari: Olga Siminyakina



Allir velkomnir  
*Íþróttanefnd Bjarma*

Óska eftir að kaupa fullorðið fé á fæti á milli  
Skjálfafljóts og Eyjafjarðarár.  
Ef einhver hefur áhuga á að selja má sá hinn sami  
hafa samband við Jónas í síma 865-1379 eða í  
gegnum tölvupóstfangið [slave@simnet.is](mailto:slave@simnet.is).

Einnig hef ég áhuga á að kaupa smákálfa.

40.tbl.  
5.okt  
2016  
23. ág.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



### ÁRLEG INFLÚENSUBÓLUSETNING!

**Bárðadal; fimmtudaginn 6. okt. milli kl. 13.30 og 14.30**  
**Laugum; föstudaginn 7.okt. milli kl. 13.00 og 14.00**

*Tímamantanir í síma 464-0501*

Við bólusetninguna er notað þriggilt bóluefni gegn influensu A og B sem hafa verið framleidd fyrir veturinn 2016-2017 samkvæmt ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Þau innihalda eftirtalda stofna:

-A/California/7/2009 (H1N1)pdm09 pdm09\* - líkur stofn

-A/Hong Kong/4801/2014 (H3N2) - líkur stofn

-B/Brisbane/60/2008 - líkur stofn.

\*svínainflúensuveira frá 2009

*Eftirtaldir áhættuþópar njóta forgangs.*

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum
- Þungaðar konur.

Rétt er að árétta að bólusetning gegn árlegri influensu verndar gegn influensu A(H1N1)v (svínainflúens)